

# Fundur í skólaráði Sunnulækjarskóla

## 36. fundur, haldinn 24. febrúar 2016, kl 17:00

*Mætt voru: Hafrún Grétarsdóttir, Ólafur Unnarsson, Inga Dóra Ragnarsdóttir, Heimir Bates, Íris Anna Steinarrsdóttir og Birgir Edwald.*

1. Nýjum fulltrúum fagnað og þau boðin velkomin.  
Heimir tekur sæti sem fulltrúi foreldra og Inga Dóra situr í forföllum Heiðu Óskar Kristjánsdóttur fulltrúa grenndarsamfélags. Farið var yfir starf og tilgang skólaráðs.
2. Starfsreglur skólaráðs Sunnulækjarskóla  
Farið var yfir drög að starfsreglum sem lágu fyrir fundinum. Rætt var um hlutverk skólaráðs er varðar öryggismál húsnæðis, kosningu fulltr. foreldra, heppilega fundartíðni í skólaráði, hlutverk fulltrúa í skólaráði að kynna starfið o.fl. Að því loknu voru drög að starfsreglum skólaráðs samþykktar.
3. Vinnureglur um símanotkun  
Reglurnar voru kynntar skólaráði og málið rætt. Verið er að kaupa meira af spilum til að lána nemendum í stað símaleikja í lausum stundum. Rætt var um myndatökur í skólum. Vinnureglur samþykktar.
4. Vinna gegn matarsóun  
Rætt var um sameiginlega matseðla og innkaup. Ánægja er með öll mötuneyti sveitarfélagsins og mikilvægt að hald þeirri stöðu. Gott fagfólk starfar í mötuneytunum. Búið er að afla gagna í skólanum um matarsóun og fer hún minnkandi. Stefnt er að því að gera tilraunir með að nemendur skammti sér sjálfir síðar á skólaárinu.
5. Skóladagatal næsta skólaárs  
Krafa hefur verið um að grunn- og leikskólar samræmi skóladagatöl. Skóladagatal eins og það liggur fyrir er samþykkt.
6. Önnur mál
  - a. Rætt var um skólavistun og að frístund væri betra nafn. Mikil ánægja var með opinn dag á skólavistun í haust og bent á að skólavistun/frístund megi gjarnan kynna starf sitt betur. Rætt var um hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi skólavistunar í sveitarfélaginu.
7. Nýbygging var skoðuð að loknum fundi.

Fundi slitið kl. 18:30

ÍAS/bed

